

Þetta hús er við Skólastræti, og við sjáum það eins og það uppraunalega var og síðan eftir endurbætur, sem felast m.a. í nýrri klæðningu og „augnstungu“, eins og það er kallað, þegar gamlir gluggar eru teknir úr húsum og nýir og nýtiskulegri settir í staðinn.



endurbyggingar sem hafa tekist mjög vel.

Þjóðminjavörður, Þór Magnússon, útskýrði myndir af Viðeyjarstofu, sem stöðugt er verið að endurbyggja. Sagði hann að þetta væri mjög erfitt og seinlegt verk vegna aðstöðunnar í eyjunni. Verður að bera mikið af efni að húsunum og flytja þá sem þarna vinna kvölds og morgna til og frá eyjunni. Innan skamms mun Þjóðminjasafnið hefja endurbætur á gömlum verslunarhúsum frá Vopnafirði, sem flutt hafa verið upp í Arbæ.

Bláðið ræddi einnig við Sigurð Örylgsson, en hann hefur unnið að gerð líkans af húsunum við Bernhöftstorfu sem er á sýningunni. Sagði hann að hann hefði byrjað á líkaninu fyrir tveimur árum síðan. Líkanið er gert af húsunum eins og þau myndu lita út eftir endurbyggingu.

Sýningin í Norræna húsinu verður opin daglega frá kl. 12.00—19.00 til 31. ágúst, en þetta er nýr opnunartími. Er stefnt að því að fólk geti komið í hádegina og skoðað sýninguna. Sýndar verða litskyggjur á sýningunni og 14. ágúst flytur Hörður Ágústsson fyrirlestur um húsvernd. Kjörorð húsfriðunarárs Evrópu er „a future for our past“ eða FRAMTÍÐ FYRIR FORTÍÐINA.

þs.



HÚSVERND

Sýning í tilefni Húsfriðunarárs

„Framtíð fyrir fortíðina“

Í tilefni Húsfriðunarárs Evrópu verður í dag opnuð sýning í Norræna húsinu og nefnist hún HÚSVERND. Að sýningunni standa Norræna húsið, Torfusamtökin og Þjóðminjasafnið. Í innri sal í kjallara Norræna hússins er sýningin „Norræni timburhúsabærin“, en það er farandsýning frá Norræna sýningarráðinu.

Hörður Ágústsson skólastjóri skipulagði sýninguna og hafði umsjón með henni í samráði við Þór Magnússon þjóðminjavörð, en við undirbúning og uppsetningu unnu: Jón Arnar Einarsson, innanhússarkitekt, Leifur Þorsteinsson, ljósmyndari, Magnús Skúlason, arkitekt, Sigurður Harðarson, arkitekt og Sigurður Örylgsson, listmálari, auk starfsfólks Norræna hússins.

Hörður sagði að á sýningunni, sem að miklu leyti er byggð á ljósmyndum, væri m.a. myndir af gömlum byggingum, sem nú eru horfnar og af gömlum húsum, sem hafa verið endurnýjuð með misgóðum árangri. Sýna myndirnar glögglega hversu algengt það er að gömul hús séu í raun eyðilögð, þegar þau eru endurbyggð. Ekkert tillit er tekið til upprunalegs byggingarstils, gluggar rifnir úr og húsin gjarnan klædd á ný með áli eða öðru efni. Þá er á sýningunni predikunarstóll og fleiri munir úr Bessastakirkju og sýnt hvernig hún

var endurbyggð og hinar gömlu minjar fluttar út fyrir annað nýrra. Það eru ekki aðeins timburhús sem hafa galdið fyrir slíkar endurbyggingar, heldur einnig steinhús, eins og glöggt sést á myndum t.d. af Kvinnaskólanum. Einnig eru sýnd dæmi um

Samstarfsnefnd um evrópskt húsfriðunarár bendir á leiðir til eflingar varðveislu og verndar menningarsögulegra minja:

1. Vinna að endurbót og viðhaldi fornra bygginga.
2. Endurlifga gömul hverfi með því að fá þeim ný og fersk not.
3. Beina hávaðasamri umferð burt úr gömlum hverfum og veita fótgangandi fólki frið til manneskjulegra samskipta.
4. Reynt verði að draga úr eða láta beinlinis hverfa skilti hvers konar, sem oft eru í hrópandi ósamræmi við forn hverfi og menningarsögulega merka staði, eða gera önnur látlausari, sem betur hæfa.
5. Fjarlægja síma og loftnet svo sem unnt er.
6. Auka flóðlýsingu á merkum byggingum.
7. Auka trjágróður, gras- og blómabletti í gömlum hverfum.
8. Koma á mjög ströngu eftirliti með niðurrifi fornra bygginga, sem hafa sögulegt eða listrænt gildi.
9. Einnig með því að nýjar byggingar falli að gömlu umhverfi.

Þetta hús er við Strandgötu í Hafnarfirði og við sjáum minning fyrir og eftir endurbætur.

Við líkanið af Bernhöftstorfunni, Magnús Skúlason, arkitekt, Hörður Ágústsson, sem hefur haft umsjón með sýningunni, Sigurður Örylgsson, sem hefur gert líkanið, kona hans Þórunn Traustadóttir, og Sigurður Harðarson arkitekt.

